

376. fundur Skólanefndar FS

15. apríl 2026



Mættir: Ásrún Helga Kristinsdóttir formaður, Guðjón Árni Antoníusson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Heba Maren Friðriksdóttir, Ragnheiður Möller, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Katrín Jóna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra, Tristan Einarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Kristján Ásmundsson skólameistari. Guðmann Kristþórsson ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Afmæli skólans.
 2. Staðan varðandi viðbyggingu.
 3. Innritun.
 4. Önnur mál.

1. Afmæli skólans.

Skólameistari sagði frá undirbúningi fyrir 50 ára afmæli skólans í haust. Búið er að fá tvo verkefnastjóra til að halda utan um skipulag afmælisdagskrár ásamt afmælisnefnd en það eru Hanna María Kristjánsdóttir og Daníel G. Hjálmtýsson. Þá hefur Dagný Maggýjar tekið að sér að ritstýra afmælisriti sem ætlunin er að gefa út í tengslum við afmælið. Búið er að setja upp drög að dagskrá laugardaginn 12. september en þá yrði skólinn opinn og dagskrá á sal kl. 14:00. Á föstudagskvöldið er stefnt að því að halda tónleika í Hljómahöll þar sem fyrrum nemendur skólans myndu koma fram. Skólameistari sagði einnig frá fleiri hugmyndum sem hafa komið fram varðandi afmælið. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með það sem þar kom fram.

2. Staðan varðandi viðbyggingu.

Rætt um stöðuna vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við skólann. Skólameistari sagði frá fundi stjórnenda með starfsfólki í ráðuneytinu sem kemur að málinu. Þar kom fram að enn er verið að miða við að byggja starfsnámsaðstöðu við fjóra framhaldsskóla. Reiknað er með að verklok hér verði í janúar 2029 en kostnaður verði um 1,7 milljarður króna. Enn er miðað við að viðbyggingin verði 1800m² en skólameistari tók fram að þá vantaði enn húsnæði fyrir bóklegt nám. Því þyrfti áfram að nýta lausa gáma sem kennsluádstöðu eins og undanfarin ár. Ásrún ræddi hvort skólanefnd ætti að senda frá sér bókun vegna málsins. Hún las drög að bréfi til þingmanna Suðurkjördæmis sem hún, Anna Lilja og Ragnheiður settu saman en þar eru þingmenn kjördæmisins hvattir til að beita sér fyrir bættri aðstöðu við skólann. Nefndarmenn samþykktu einróma að senda bréfið til þingmanna.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like KDO, TE, HDG, G.A.A., RM, and others.

3. Innritun.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi innritun. Útlit er fyrir að nemendum á starfsbraut fjölgi um 20. Það er veruleg aukning en þessir nemendur þurfa mikla þjónustu og geta ekki verið í stórum hópum. Vegna skorts á kennslustofum gæti þurft að skipta nemendum á starfsbraut í tvo hópa sem yrðu í skólanum fyrir og eftir hádegi. Um 800 nemendur sem nú eru í skólanum halda áfram næsta haust og þegar eru komnar um 70 umsóknir frá öðrum. Nýnemar gætu orðið um 300 og einnig verður nokkur fjöldi í síðdegisnámi. Nemendafjöldi verður líklega yfir 1200.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá því að rúmlega 150 nemendur stefna að útskrift í vor.
- b) Tristan sagði frá starfsemi nemendafélagsins NFS en þar er árshátíð á morgun þar sem verður kvöldverður og ball. Framundan eru kosningar þar sem stjórn og nefndir verða kosnar fyrir næsta skólaár. Tristan sagði einnig frá þemavikum og skólablaðinu Vizkustykki sem kemur út á næstunni. Nemandi skólans, Guðjón Þorgils Kristjánsson, sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna á dögnum.
- c) Starfshlaupi ársins var aflýst vegna veðurs en það átti að vera fimmtudaginn 26. mars.
- d) Búið er að auglýsa eftir kennurum í ensku og upplýsingatækni en fjórir kennarar fara á eftirlaun í vor.
- e) Halldór spurði hvort skoðað hafi verið að vera með sumarskóla. Skólameistari sagði frá því að boðið var upp á sumarskóla eftir efnahagshrunið með sérstöku fjárframlagi en það myndi reynast erfitt nú vegna kostnaðar. Tristan ætlar að kanna hvort nemendur hefðu áhuga á slíku námi.

Fylgiskjal: Bréf til þingmanna Suðurkjördæmis um húsnæðismál skólans


Fleira ekki gert og fundi slitið.


Ásrún Helga Kristinsdóttir, formaður


Halldór Rósmundur Guðjónsson


Ragnheiður Möller



Katrín Jóna Ólafsdóttir


Kristján Ásmundsson, skólameistari


Guðjón Árni Antoníusson


Heba Maren Friðriksdóttir


Gunnar Valdimarsson


Tristan Einarsson


Guðmann Kristþórsson, fundarritari

Til þingmanna Suðurkjördæmis

Reykjanesbær, 15. apríl 2026

Efni: Húsnæðismál Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja vill með bréfi þessu vekja athygli þingmanna Suðurkjördæmis á þeirri stöðu sem upp er komin í húsnæðismálum skólans og mikilvægi þess að ráðist verði í nauðsynlega uppbyggingu við skólann án frekari tafa.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum. Á síðustu tuttugu árum hefur íbúafjöldi svæðisins farið úr um 17 þúsund í yfir 30 þúsund íbúa og hefur þannig vaxið mun hraðar en víðast hvar annars staðar á landinu. Þessi þróun hefur óhjákvæmilega aukið þrýsting á menntakerfið á svæðinu, ekki síst á Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem er eini framhaldsskólinn á Suðurnesjum.

Skólanefnd telur ljóst að núverandi húsnæði skólans er ekki lengur í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram né þær kröfur sem gerðar eru til framhaldsskóla í dag. Sérstaklega á þetta við um aðstöðu til verk- og starfsnáms, þar sem skortur á húsnæði og aðstöðu hamlar möguleikum skólans til að mæta þörfum nemenda og atvinnulífs á svæðinu. Nú er svo komið að aðstaða skólans er farin að setja starfseminni raunverulegar skorður.

Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa þegar kallað eftir því að ráðist verði í viðbyggingu við skólann og lagt áherslu á mikilvægi þess að uppbygging menntaaðstöðu haldi í við þá samfélagsþróun sem átt hefur sér stað á svæðinu. Skólanefnd tekur undir þá afstöðu og telur brýnt að ráðist verði í nauðsynlegar framkvæmdir sem allra fyrst.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja beinir því til þingmanna Suðurkjördæmis að beita sér fyrir því á vettvangi Alþingis að tryggð verði fjármögnun og framgangur viðbyggingar við skólann. Skólanefnd telur mikilvægt að þingmenn Suðurkjördæmis beiti sér sameiginlega fyrir því að málið fái skýran forgang í fjárlögum.

Menntaaðstaða fyrir ungt fólk á Suðurnesjum verður að þróast í takt við samfélagið sem hún þjónar.

Virðingarfyllt,

f.h. skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Handwritten signatures and initials in blue ink, including: EIW, KJO, HRG, TE, G.A.A., FM, GU, and others.